



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 6. febrúar 2017

R16110001

5252

Borgaráð

***Kaup á tveimur fólksbílum knúnum rafmagni.***

Óskað er eftir heimild til að verja 6,2 miljónum til kaupa á tveimur rafmagnsbílum til afnota fyrir starfsfólk Ráðhúss.

Tveir rafmagnsbílar eru núna til afnota fyrir starfsfólk Ráðhússins, notkun á þeim hefur verið stigvaxandi og er nú svo komið að þörf er fyrir tvo rafmagnsbíla í viðbót til að anna þörf. Fjölgað hefur starfsfólki í Ráðhúsinu. Keyptir yrðu sambærilegir bílar og nú þegar eru í Ráðhúsinu, fjögurra manna smábílar knúnir rafmagni. Það yrðu því fjórir rafknúnir smáir fólksbílar til ráðstöfunar fyrir starfsmenn Ráðhússins og nærliggjandi skrifstofur Reykjavíkurborgar eftir nánari ákvörðunum þar um. Kaupin eru ekki á fjárhagsáætlun en kaupverðið rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar.

Hrólfur Jónsson